



Kæru foreldrar / forráðamenn leik- og grunnskólanemenda á Akureyri

Eins og mörgum er kunnugt, þá stendur yfir innleiðing laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, sem í daglegu tali eru kölluð **farsældarlögin**. Nú er kominn nýr og aðgengilegur vefur sem kallast [Farsæld barna](#) og þar má finna nánari upplýsingar um hvað löggjöfin felur í sér og hvert [hlutverk tengiliða](#) er. Einnig má sjá aðgengilegt [myndband](#) sem lýsir í stuttu máli því sem lögin innibera.

Samkvæmt lögunum eiga börn og foreldrar að hafa greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi.

Börn og foreldrar þeirra hafa aðgang að **tengilið** í skóla. Á heimasíðu skólans, <https://idavollur.is/Farsaeld-barna> má sjá hver hefur hlutverk sem tengiliður. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra hjá velferðarsviði Akureyrarbæjar eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni. Foreldrar og börn geta leitað sjálf beint til tengiliðar eða sent beiðni í gegnum [þjónustugátt Akureyrarbæjar](#).

Með góðri farsældarkveðju,

Helga Vilhjálmisdóttir, innleiðingarstjóri farsældarlaga á fræðslu- og lýðheilsusviði

Kristín Jóhannesdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs

Anna Lilja Sævarsdóttir, skólastjóri Iðavallar